

Efni: Vigrholt - breyting á aðalskipulagi

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér breytingartillögu á aðalskipulagi fyrir Vigrholt í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, ásamt svörum Arkís arkitekta, f.h. landeigenda, við athugasemdum við skipulagslýsinguna. Nefndin vill að því tilefni koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Birkiskógur

Í kafla um gróður og lífríki er fjallað um áhrif á náttúru svæðisins. Fram kemur að „markmið laganna [um náttúruvernd nr. 60/2013] [sé] að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Birkiskógar falla undir sérstaka vernd þar sem þeir eru sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir og leifar þeirra, þar sem eru m.a. gömul tré sbr. b. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013“. Samkvæmt breytingartillögu er því haldið fram að birkiskógur innan skipulagssvæðisins falli ekki undir sérstaka vernd sbr. ofangreind lög. Samkvæmt umhverfisskýrslu er um að ræða 60-100 ára gamlan skóg og er hann þar með „hvorki talinn vera gamall samkvæmt lögunum eða vistfræðilega mikilvægur í heildarsamhenginu“¹. Þar af leiðandi telur sveitarfélagið ekki vera þörf á sérstakri umsögn Umhverfisstofnunar við úthlutun framkvæmda- og/eða byggingarleyfa. Breiðafjarðarnefnd er ósammála þessari túlkun og óskar eftir frekari gögnum og rökstuðningi fyrir því að birkiskógur við Vigrholt teljist ekki falla undir lög um náttúruvernd. Lögin sjálf setja ekki viðmið um aldur nema það að tré séu gömul² og hefur birkiskógur við Vigrholt ekki verið rannsakaður vegna vistfræðilegs mikilvægis hans.

Samanlagt telja Arkís arkitektar að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels, baðlóns, íbúðarhúsa og frístundabyggðar á lífríki séu óveruleg en áhrif á gróður eru talin fremur neikvæð á staðbundnum svæðum innan skipulagssvæðisins.

Í svari við umsögn Breiðafjarðarnefndar frá 05.12.2023 kemur auk þess fram að ekki sé þörf á að láta vinna sérstaka skýrslu um vistgerðir og fuglalíf svæðisins og vilja vísa í sambærilegar skýrslur sem unnar hafa verið á sambærilegum svæðum innan aðalskipulagsins³. Þarna er væntanlega átt við rannsóknir á fuglalífi í sömu vistgerðum í nágrenninu. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um þær rannsóknir sem þarna liggja að baki og rökstuðningi fyrir því að hægt sé að yfirfæra þær yfir á áhrifsvæði þessa skipulags.

Breiðafjarðarnefnd telur að ofangreinda framsetning um birkiskóg á svæðinu sé ábótavant. Fjallað er ýtarlega um birkiskóg við Vigrholt í umhverfisskýrslunni en þar er þó ekki getið heimildar fyrir aldri birkiskógarins við Vigrholt. Samkvæmt Skóglendisvefsjá Skógræktarinnar (nú Land og skógur) er

¹ Vigrholt Viðbrögð Arkís arkitekta, f.h. landeiganda, við athugasemdum sem bárust við skipulagslýsingu vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag fyrir Saura 9 (Vigrholt), bls. 4

² Lög 60/2013 um náttúruvernd, 61. gr.

³ Ibid, bls. 2.

skógur á svæðinu náttúrulegur⁴ og telur Breiðafjarðarnefnd að hann hafi mikilvægt vistfræðilegt gildi og fyrir landslag svæðisins. Breiðafjarðarnefnd biður um nánari skýringar og heimild fyrir því að birkiskógurinn innan skipulagssvæðisins sé ekki talinn falla undir sérstaka vernd laga um náttúruvernd, eins og fram kemur í umhverfisskýrslu.

Breiðafjarðarnefnd telur að leita til viðeigandi stofnunar, t.d. Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Lands og skógar, til að ganga úr skugga um verndargildi birkiskógarins áður en úthlutun framkvæmda- og/eða byggingaleyfa fer fram.

Aðrar mikilvægar vistgerðir

Nokkrar mikilvægar vistgerðir eru innan skipulagssvæðisins og rétt við það. Um er að ræða bæði vistgerðir á landi og í sjó. Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 5. desember sýnir að líklega eru nokkrar vistgerðir vanmetnar í kortasjá stofnunarinnar. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að láta vinna nákvæmt vistgerðakort af svæðinu til að koma í veg fyrir risk á mikilvægum vistgerðum. Vistgerðakönnun myndi einnig skýra stærð sjávarfitja og leira á svæðinu, sem eru innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og líklegar til að verða fyrir áhrifum vegna atvinnureksturs, sem m.a. felur í sér rekstur á hóteli og baðlóni.

Einnig þarf að gæta betur sjávarvistgerða í breytingatillögu á aðalskipulagi.

Fráveita

Í umhverfisskýrslu fyrir Vigraholt er lítið fjallað um staðsetningu fráveitu og áhrif fráveitu á strandvistgerðir við skipulagssvæðið sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sjávarfitjar og leirur eru við skipulagssvæðið. Breiðafjarðarnefnd, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Umhverfisstofnun minntu á fráveitu í umsögnum sínum frá 2023. Sjá má útbreiðslu sjávarfitja og leira í mynd 1.



Mynd 1: Sjávarvistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Heimild: Vefsja Sveitarfélagsins Stykkishólms <http://vefsja.stykkisholmur.is>.

⁴ Skógræktin. (e.d.). *Kort yfir skóglendi á Íslandi*. <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/skogar-i-tolum/skoglendisvefsja/kort-yfir-skoglendi-a-islendi>

Í viðbrögðum við umsögnum vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag fyrir Saura 9 (Vigraholt) frá desember 2023 kemur fram að landeigandi geri ekki ráð fyrir að leirum [sjávarfitjum] og strandlínu verði raskað⁵. Breiðafjarðarnefnd óskar eftir frekari skýringum á því hvernig landeigandi ætlar að koma í veg fyrir rask á þeim, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru m.a. fjögurra hæða hótél, baðlón, handverkshús og 33 frístundahús. Atvinnurekstur af þessu tagi mun óhjákvæmilega láta frá sér umtalsvert magn skólps sem gæti þurft að leiða til sjávar og leitt til breytinga á útbreiðslu næringar- og mengunarefna, auk áhrifa á hita- og seltustig sjávar. Vegna legu mikilvægra vistgerða við strandlínu Breiðafjarðar og stærð og staðsetningu framkvæmdar þarf að skýra hvernig fráveita verður hönnuð til að koma í veg fyrir rask á sjávarfitjum og leirum innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd telur að núverandi framsetning hvað varðar fráveitukerfi á og við svæði sem njóta sérstakrar verndar og verndarsvæðis Breiðafjarðar sé ekki fullnægjandi að svo stöddu.

Umhverfisþættir

Niðurstaða um áhrifaþætti á umhverfi er sýnd á bls. 6 umhverfisskýrslunnar en er einnig birt hér fyrir neðan.

Umhverfisþættir	Hótél og tengdar framkvæmdir
Landslag og sjónræn áhrif	0
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+
Gróður og lífríki	0 -
Minjar	0
Frárennismál	0
Útivist og upplifun	+
Niðurstaða	0 + -

Mynd 2: Niðurstaða umhverfisskýrslu. Heimild: Umhverfisskýrsla - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarhús, frístundabyggð og verslun og þjónustu í Vigraholti, bls. 6.

Áhrif framkvæmda á landslag og frárennismál eru talin vera óveruleg í umhverfismatsskýrslu en áhrif á gróður og lífríki er talið vera bæði óverulegt og neikvætt. Lokaniðurstaða framkvæmdaraðila í umhverfisskýrslunni er „að fyrirhuguð framkvæmd við uppbyggingu hótels og tengdra framkvæmda valdi óverulegum neikvæðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum“⁶.

Breiðafjarðarnefnd telur að mikilvægi vistgerða, bæði fyrir fuglalíf og landslag Breiðafjarðar, sé ekki metið nægilega vel í umhverfisskýrslunni. Margar vistgerðir, bæði á landi og í sjó, verða fyrir mögulegum áhrifum og raski og þarf þar af leiðandi að mati Breiðafjarðarnefndar að líta á áhrif framkvæmdanna sem neikvæð frekar en óveruleg og neikvæð. Breiðafjarðarnefnd leggur jafnframt til að endurskoða sjónræn áhrif á landslag þar sem framkvæmdir, sem verða upp að 20 m hæð, munu hafa áhrif á nærliggjandi svæði, þótt byggt verði í brekku, þar með talið verndarsvæði sem nýtur sérstakrar verndar landslags.

⁵ Viðbrögð Arkís arkitekta, f.h. landeiganda, við athugasemdum sem bárust við skipulagslýsingu vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag fyrir Saura 9 (Vigraholt), bls. 5.

⁶ Sveitarfélagið Stykkishólmur. (2024). *Umhverfisskýrsla - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarhús, frístundabyggð og verslun og þjónustu í Vigraholti*, bls. 6.

Nefndin leggur til að mat á umhverfisáhrifum verði gert til að koma í veg fyrir röskun verndarsvæðis Breiðafjarðar og jaðarsvæðis þess. Framkvæmdir við Vigrholt falla mögulega undir viðmið 12.04 - framkvæmdir við uppbyggingu orlofsþorpa eða hótela og tengdra framkvæmda utan þéttbýlis þar sem heildarbyggingarmagn er a.m.k. 5.000 m² eða gestafjöldi (gistirúm) a.m.k. 200⁷.

Verndarsvæði Breiðafjarðar og framkvæmdasvæði liggja hlið og hlið og þarf að gæta mögulegra afleiðinga fyrir verndaðar vistgerðir innan og á jaðri verndarsvæðis Breiðafjarðar, sem og landslags þess. Mat á umhverfisáhrifum er góð leið til að skapa sátt um áhrif á skipulagssvæði og verndarsvæði.

Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að strandlína Breiðafjarðar er verndað með lögum 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og verndarsvæðið og er auk þess á tillögum að B-hluta náttúruminjaskrár, m. a. vegna mikilvægis fyrir fugla og fjöruvistgerða. Vigrholt er mikilvægt fuglasvæði við verndarsvæði Breiðafjarðar og hafa breytingar á framkvæmdasvæði mikil áhrif á landslag verndarsvæðisins, eins og á mikilvægar vistgerðir innan skipulagssvæðisins.

Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að lokum lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og mikilvægi þess að gæta að markmiðum þeirra laga þegar skipulagt er við jaðar verndarsvæðis.

Umhverfisskýrslan tekur ekki nægilega vel til verndargildis laga um vernd Breiðafjarðar þar sem ekki er gætt strandvistgerða innan verndarsvæðis. Breiðafjarðarnefnd telur auk þess að umhverfisskýrsla skýri ekki lagalegu stöðu birkiskógar á svæðinu.

Breiðafjarðarnefnd fer fram að huga þurfi betur að jaðarsvæði verndarsvæðis Breiðafjarðar í tengslum við landslag svæðis. Landslag Breiðafjarðar er verndað samkvæmt lögum og hafa breytingar á skipulagssvæðinu áhrif á verndarsvæðið.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

⁷ Lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 1. viðauki.